

Arnarlax hf.  
Strandgötu 1  
465 Bíldudalur

Reykjavík 19. júní 2019  
UST201807-120/F.T.  
08.12.02

### **Efni: Samþykkt úrbótaáætlun með skilyrðum**

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 7. maí sl. þar sem áformað var að áminna rekstraraðila. Þann 27. maí sl. barst uppfærð úrbótaáætlun rekstraraðila.

#### **Frávikin eru eftirfarandi:**

- 1. Gr. 1.2 í starfsleyfi.** Eldið er að jafnaði á tveimur sjóakvíaldissvæðum í senn en eitt svæði skal hvílt milli eldislota að lágmarki í sex til átta mánuði. **Hringsdalur hefur því ekki verið hvíldur í samræmi við starfsleyfi. Skv. uppfærðri úrbótaáætlun rekstraraðila verður upplýsingagjöf til Umhverfisstofnunar bætt þegar í stað. Einnig er áætlað að aukin þjálfun starfsmanna, verklagsreglur og gátlisti vegna útsetninga sem tekur tillit til hvíldartíma starfsleyfis taki gildi innan fjögurra vikna frá dagsetningu bréfsins. Við framsetningu ofangreindrar úrbótaáætlunar telur rekstraraðili að áðurnefndar úrbætur séu nægilegar þar sem ekki hafi verið um ásetningsbrot að ræða, með vísan í fengið leyfi til útsetningar frá Matvælastofnun; af brotinu stafi takmörkuð umhverfishætta; sem og að vöktunarniðurstöður bendi ekki til neikvæðra umhverfisáhrifa.**

Umhverfisstofnun telur að ofangreindar úrbætur séu til bóta en áætluð hvíld skv. starfsleyfi, 6-8 mánuðir, byggir á matskýrslu umhverfisáhrifa og rekstraraðila hefði því átt að vera hvíldartíminn ljós, óháð því hvort um ásetningsbrot var að ræða. Umhverfisstofnun óskaði eftir staðfestingu frá MAST á því að útsetningarleyfi hafi verið veitt og hvort það hafi verið í samræmi við ákvæði rekstrarleyfis. Í svari MAST kom fram að stofnunin fylgi reglugerð 1170/2015 um fiskeldi þegar rekstraraðilum fiskeldis er veitt leyfi til útsetningar seiða. MAST gaf því út leyfi til útsetningar en tilkynnti jafnframt Umhverfisstofnun um fyrirhugaða útsetningu með tölvupóst dags. 16. maí 2018. Rekstraraðili hafði því fengið formlegt leyfi MAST til þess að setja út seiði. Umhverfisstofnun hefur bætt verklag og samráð við MAST varðandi eftirlit með útsetningum m.t.t. hvíldartíma svæða. Í ljósi framangreinds samþykkir stofnunin úrbótaáætlun rekstraraðila með eftirfarandi skilyrðum:

- a. Stofnunin óskar eftir því að þegar fiskurinn er kominn í lágmarks-sláturstærð í hverri kví fyrir sig, verði slátrað upp úr þeim eins fljótt og auðið er.**

- b. Áætlaðar sýnatökur í botnseti við hámarkslífmassa og eftir hvíldartíma skulu vera svokallaðar C-rannsóknir og í samræmi við áætlanir rekstraraðila sem komu fram í matskýrslu umhverfisáhrifa: Þ.e. botndýr verði greind til ættkvísla og tegunda, í botnseti verði lífrænt kolefni (TOC), nitur (N), fosfór (P) og brennisteinn (S) mælt. Samhliða botnssýnatöku verði einnig tekin sýni úr sjó sem verði efnagreind m.t.t. til magns niturs (N) og fosfórs (P). Niðurstöður vöktunarinnar skulu berast Umhverfisstofnun svo fljótt sem auðið er.
- c. Sjókvíaeldivæðið, við Hringsdal og Kirkjuból, skal hvílt í að lágmarki átta mánuði frá lok slátrunar núverandi kynslóðar. Einnig getur Umhverfisstofnun einhliða frestað útsetningu eftir átta mánaða hvíldartíma, bendi niðurstöður vöktunar til þess að umhverfisaðstæður séu óhagstæðar að mati stofnunarinnar.
- d. Að lokinni hvíld svæðisins skal tilkynna Umhverfisstofnun um hvenær seiði verði sett út í kvíar, með a.m.k. tveggja vikna fyrirvara. Þá þurfa einnig að liggja fyrir upplýsingar um vöktun eldissvæðisins.

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila með framangreindum skilyrðum.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni málsins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgnina verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. Gjaldið er **435.600 kr.**

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.



Skúli Þórðarson  
sviðsstjóri

Virðingarfyllst



Frigg Thorlacius  
lögfræðingur

Afrit í tölvupósti: Heilbrigðisnefnd Vestfjarða